

Kæri Jón

Ég heiti Arna Ýr Karelsdóttir og er, eins og svo margir aðrir, ráfandi um í endalausum fjallendum hugarheims 13 ára unglings. Á síðustu vikum hef ég verið þungt hugsí yfir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir frelsinu og þeim tækifærum sem íslenskir unglingar búa við í dag. En ég hef líka velt því fyrir mér hvernig maður getur haft kraft og þrek til að vinna árum saman að markmiðum sem maður hefur sett sér eða verkefnum sem maður hefur trú á. Þess vegna hef ég ákveðið að skrifa þér bréf því fyrir mig stendur þú fyrir þetta tvennt, frelsi og baráttuþrek. En fyrst af sjálfri mér.

Ég bý með fjölskyldu minni, foreldrum og tveimur yngri systkinum. Mér finnst ég í frekar góðu sambandi við fjölskylduna en þó finnst mér stundum eins og enginn skilji mig. Ég er þannig manneskja að ég þarf helst að hafa allt í föstum skorðum en ég þarf líka að hafa mikið fyrir stafni. Hafi ég nægan tíma til að gera hlutina verður það oftast til þess að ég verð kærulaus og kem mér ekki í það að gera þá. Ég stunda íþróttir af kappi og er í tónlistarnámi. Mér finnst gaman að spila á fiðlu og þegar ég er að því finn ég ákveðið frelsi sem ég finn ekki annars staðar, nema þá kannski á sviði. Leiklistin er mitt helsta áhugamál. Að standa á sviði hefur mér aldrei fundist vandamál og feimni hefur sjaldan hrjád mig. Auðvitað gerir þessi óþægilega tilfinning, sviðsskrekur, vart við sig einstaka sinnum en hafa ekki allir gott af því að þurfa að sigrast á einhverju svoleiðis? Ég er viss um að þér hefur hreint ekki liðið vel þegar þú stóðst frammi fyrir Dönum og krafðist frelsis. Eða þegar þú fannst þunga heillar þjóðar hvíla á öxlum þér. Eins og ég nefndi hér á undan er einkum tvennt sem ég velti fyrir mér þegar ég les um sögu þína. Það fyrri er hið mikla frelsi sem við búum við nú til dags. Mörgum finnst það sjálfsagt og sjálfgefið. Flestum finnst þeir þurfa að hreyfa sig innan mjög þröngs ramma og hafa lítið frelsi. Ég játa alveg að mér líður oft þannig en þegar maður hugsar um það hvernig aðstæður hafa verið á þínum tíma finnst mér ég geta gert nánast hvað sem ég vil. Við eigum þér og félögum þínum margt að þakka. Hvernig ætli það væri ef við værum enn hluti af ríki Danakonungs? Þegar maður sér t.d. hvernig Grænlandingar eru að koma undan stjórn hans fyllist maður þakklæti í þinn garð fyrir að kynna okkur fyrir hugmyndum eins og þjóðarstolti. Þinn tími hefur náttúrulega verið allt öðruvísi og mikið minna af valkostum. Samt finnst mér eins og það gæti líka haft kosti, a.m.k. fyrir mig. Ég er nefnilega þannig gerð að ég á mjög erfitt með að taka ákvarðanir. Nú get ég valið úr háskólum hérlendis en þú þurftir að mennta þig erlendis. Mig langar til dæmis að verða lögfræðingur, viðskiptafræðingur, verkfræðingur, leikkona og doktor í heimspeki í klassískum fræðum og ég get orðið þetta allt, ég þarf bara að velja. Ég verð samt að muna að það eru forréttindi að hafa þetta val og þetta mikla frelsi.

Seinna atriðið er þetta með þrautseigjuna og eldmóðinn. Ég upplifi mig svolítið sem einstæðing. Finnst eins og enginn annar hafi áhuga á þessu og hinu viðfangsefninu eða að það vilji enginn sinna verkefnum af sömu þrautseigju og ég. Innan fjölskyldunnar er það svo sem ósköp eðlilegt þar sem ég er elsta barnið og á mjög fá frændsystkini á svipuðum aldri. Í skólanum er ég líka aðeins á undan í námi svo það er lítið um félagi til að vinna með. Hingað til hefur brennandi áhugi og viljinn til að standa undir væntingum og gera foreldra mína stolta drifið mig áfram. En núna þegar ég skríð á unglingsárin finn ég að markmiðin eru ekki alveg eins skýr og mig skortir orku til að vinna að þeim með sama hætti og áður fyrr. Það þýðir samt ekki að mig langi ekki til að standa mig vel, þvert á móti. Svo er það líka álagið. Fólk biður mig að gera þetta og hitt sem er

svo sem ekkert mál. Það er bara svo mikið og mikil ábyrgð. Mig langar að vita hvort þú hafir aldrei hugleitt að hætta baráttunni, gefast upp. Hvort þú hafðir í alvörunni trú á því sem þú varst að gera eða hvort þér fannst þú bara skuldbundinn íslensku þjóðinni? Þú hlýtur á einhverjum tímabilum að hafa upplifað þig sem einstæðing líka. Þó að þetta séu vangaveltur mínar í dag þá veit ég að barátta þín skilaði miklu.

Jafnvel þó að það sé auðvelt að sjá of marga valkosti eða of mikið frelsi sem vandamál þá er það ekki sanngjarnt. Ég skil og kann að meta þá vinnu sem þú og fleiri lögðu í að búa þessar aðstæður til og efast ekki eitt andartak um að Íslendingar ættu að vera þér ævarandi þakklátir. Ég trúi því líka að baráttan hafi oft reynst þér erfið og markmiðin fjarlæg og jafnvel utan seilingar. En þú hélst áfram. Það ætla ég líka að gera, halda ótrauð áfram, nota frelsið vel og vinna að markmiðum mínum. Reyna að minnsta kosti.

Með bestu kveðjum,

Arna Ýr.